

Nr. 157 / 13 Fjóla GK 121**Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 1516
Smíðaður: Skagaströnd 1978, plast
Stærð: 11,1 brl. 14,9 bt.
Mesta lengd: 11,87 m Skráð lengd: 11,45 m
Breidd: 3,67 m Dýpt: 1,44 m
Vél: Ford Sabre 86kW, 1991
Fjöldi skipverja: 1

Gögn:
Gögn RNS



Fjóla©Alfons Finnsson

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 12. september 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 8. nóvember 2013 var Fjóla GK 121 á siglingu fjórar sml. norður af Gróttu. Veður: A - 4 m/sek Straumbára og mikill veltingu.

Fjóla var á krabbaveiðum í Borgarfirði þegar gangtruflanir komu fram í vélinni og skipti skipstjóri um forsíur á brennsluolíukerfinu en hélt síðan áfram veiðum. Á landleið síðar um daginn stöðvaðist vélin og náðist ekki olía að vélinni aftur en í kjölfarið bilaði startarinn.

Skipstjóri óskaði þá eftir aðstoð við að draga bátinn til hafnar og þar sem Aðalbjörg II RE 236 var á landleið dró hún Fjólu til Reykjavíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að engin olía náðist að vélinni og taldi skipstjóri að gróður í olíunni hefði stíflað og fyllt síurnar. Hann sagðist hafa mælt (dýplað) olíutankinn þegar olíustíflurnar komu fram á Borgarfirði en þá var ¼ olía á kvarðanum;
- að eftir að komið var til hafnar var tekin olía og þá sett gerileyðandi efni í tankinn;
- að tankurinn var ekki hreinsaður;
- að útgerðarmaður taldi líklegra að olíuleysi hefði átt sök á því að vélin stöðvaðist endanlega því þegar í land var komið var báturinn olíulaus.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu en bendir á nauðsyn þess að þrifa tanka ef grunur leikur á að óhreinindi séu í þeim. Einnig vill nefndin benda skipstjórnarmönnum á að hafa nægjanlega brennsluolíu til ferðarinnar og mæla birgðir reglulega.